

Ást og dauði í freðmýrinni

BÆKUR

Í nafni kærleikans

The People's Act of Love eftir James Meek. 384 bls. Árni Óskarsson þýddi. Bjartur 2005.

Í nafni kærleikans er þriðja skáldsaga breska rithöfundarins James Meek (1963). Meek var tilnefndur til Booker-verðlaunanna fyrir söguna en hreppti þau ekki frekar en Ishiguro sem kunnugt er. Sagan gerist í Síberíu á dögum rússnesku byltingarinnar og hefst hjá Samarín sem segist vera strokumaður úr síberskum fangabúðum. Búðirnar liggja algerlega utan marka hins byggilega heims, í óendanlegri víðáttu freðmýrartúndrunnar, og sagt er að ekki sé hægt að flýja þaðan nema hafa féлага sinn með sér – til átu. Á flóttanum rekst Samarín á Balashov nokkurn, húsara og fyrrum liðsforingja, og hnuplar m.a. af honum ljósmynd áður en hann kemst til Jazyk, afskekkt smábæjar þar sem öfgasinnaður sértrúarhópur geldinga hefur hreiðrað um sig. Þar hefur tékknesk herdeild einangrast við fall austurríska keisaradæmisins og veit ekki sitt rjúkandi ráð. Josef Mutz, lautinant í herdeildinni, er af gyðingaættum og þjakaður af sektarkennd vegna stríðsglæpa sem herdeildin framdi. Hann leitar huggunar í örmum Önnu Petrovnu, sem reyndar er konan á ljósmyndinni. Örlög Samaríns, Balashovs, Mutz og Önnu fléttast saman um leið og skapadægur Rússlands rennur upp. Ekki er auðvelt að lýsa fléttu bókarinnar án þess að gefa of mikið upp um leyndardóma hennar en sagan er erfið og flókin og pælingin oft harðsótt. En hægt er að lofa árangri sem erfiði og hverjum manni hollt að lesa krefjandi sögur.

Persónurnar eru stórbrotnar og minna um margt á persónur Dostojevskís; fyrst og fremst karlmenn sem lifa og hrærast á ystu nöf í hugsjónum sínum, hafa sterkar skoðanir á stríði, ást, trú og dauða fyrir málstaðinn. Anna Petrovna er fulltrúi annarra gilda og myndar skýra andstæðu bæði við eldheitar hugsjónir byltingarmannanna sem vilja koma á nýju fyrirmyndarríki og blóðugar fórnir geldinganna sem gerast englar í sínu eigin himnaríki: Hún vill lifa og elska og koma syni sínum á legg. Samarín er dularfyllsta persóna sögunnar, bæði morðingi og mannæta. Lesandi sér ekki inn í hálfbrjálaðan huga hans en hrífst af orðum hans. Sjálfur segist hann vera „vilji fólksins. Hann er þær hundrað þúsund bölbænir sem það fer með á hverjum degi gegn þrældómi sínum. Það væri einkennilegt að leggja sömu mælikvarða á slíkan mann og venjulega menn, eins og að færa úlfa fyrir rétt fyrir að drepa elg eða reyna að skjóta vindinn“ (254). Í byrjun sögunnar les hann upp úr áróðursbæklingi þessa lýsingu fyrir vinkonu sína: „Byltingamaðurinn gengur inn í heim ríkis, stéttar og svokallaðrar menningar og lifir í honum aðeins vegna þess að hann hefur trú á skjótri og algerri eyðileggingu hans... Hann er ekki byltingarmaður ef hann finnur til vorkunnar með einhverju í þessum heimi. Ef hann getur verður hann að horfast í augu við gjöreyðingu ástands, sambands eða hvernar þeirrar manneskju sem tilheyrir heiminum – allt og allir verða að vekja honum jafn mikla andstyggð“ (14). Persóna Samaríns er ekki fortíðardraugur þótt hann sé níhílisti, ofurmenni og tortímandi. Hann er sú manngerð sem Vesturlöndum stendur mest ógn af núna, hryðjuverkamaður sem er tilbúinn til að fórna lífi sínu fyrir málstaðinn og skeytir engu um afleiðingarnar.

Bygging sögunnar er mjög í anda 19. aldar skáldsagna, raunsæisleg frásögn, langar einræður, háfleyg samtöl, ljóðasöngur og sendibréf. Lýsingar á umhverfi og persónum eru frumlegar og grípandi, sbr. t.d. lýsinguna á Matula, geðveikum kókaínfíkli sem stjórnar tékknesku herdeildinni: „Dökk augu Matula sátu djúpt í andlitinu. Hörundið kringum augun var hrukkótt og holdið gróft og flagnað af hita og kulda og hitasóttum og gulu og skyrbjúg sem hafði herjað á það. Hann var með hlykkjótt, krosslagað ör eftir illa saumað sár skáhallt yfir hökuna. Aðeins munnurinn á honum hafði verið ónæmur fyrir öllum frostum og blóðsúthellingum fimm ára hernaðar. Varir hans voru mjúkar og þykkar, rauðar eins og á dreng, eins og hann hefði geymt þær á öruggum stað þegar hann hélt í orrustu eða á veturna, eins og þær hefðu aldrei verið klemmdar eða bitnar þegar tunga hans hafði skipað mönnum að drepa fanga, eins og hann hefði geymt þær fyrir veislur, leiki og kossa. Augu hans höfðu séð þetta allt. Hann var 24 ára gamall“ (157).

Atburðir sögunnar gerast í fortíðinni en hafa víða skískotun til samtímans. Einn kafli sögunnar, Hersveitin, lýsir því hvernig tékknesku hersveitinni sem samanstóð af 171 hermanni fækkaði smám saman niður í 100 manns (224-229) og allir sem féllu eru nafngreindir. Það fer ekki hjá því að lesandinn íhugi í leiðinni tilgangslausan dauða allra þessara manna og stríðsreksturinn í heiminum yfirleitt. Og ljóst er að við sem búum á Vesturlöndum erum að sökkva í neyslubull, efnis- og einstaklingshyggju, við höfum gleymt hugsjónum og kærleika. En hvers virði eru fórnirnar fyrir hugsjónirnar, trúna og málstaðinn þegar að er gáð? Í hverju felst kærleikurinn og hvaða verk vinnum við í nafni hans? Hver þekkir kærleikann, er það Balashov sem er hvorki karlmaður né engill eða Samarín sem er tilbúinn til að fórna öllu fyrir byltinguna? Er það kannski Anna Petrovna sem þekkir hann þegar hún æpir: „Mér er sama, skilurðu það? Mér er sama um himnaríki og helvíti og guði og djöfla og keisara og stórveldi og kommúnista og alþýðuna þetta og alþýðuna hitt. Ekki segja neitt meira. Ég vil fá eitthvað á sár sonar míns...“ (339). Í klisjulegri hnotskurn er í nafni kærleikans mögnuð skáldsaga, skriðþung og djúp, spennandi, áhrifamikil og ögrandi – hvers getur maður frekar óskað sér?

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>